



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Múlaborg

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	4
3 Innra mat xxx deildar	7
4 Innra mat sérkennslu	17
5 Innra mat – fjöltyngd börn	19
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	21
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	22
8 Foreldrasamvinna	22
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	23
10 Fylgigögn	23
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	23



Leiðarljós leikskólans: Virðing- Traust- Jafnrétti

Greinagerð leikskólastjóra 2019-2020

Múlaborg er sérhæfður ráðgjafaskóli og er mikill metnaður lagður í að framfylgja stefnu leikskólans. 80 börn eru í leikskólanum og þar af eru sex til átta börn með sérþarfir og fá fullan stuðning. Stefna leikskólans er "Leikskóli fyrir alla" áhersla á að koma til móts við öll börn þar sem þau eru stödd.

Áætlað var að fara til Póllands í liðsheildar og fræðsluferð en hætt var við vegna ástands í heiminum. Það bíður þangað til í vor en vonandi verður hægt að ferðast og fræðast þá.

Starfsfólki voru boðin í Snerpuviðtöl í vetur í stað Starfsþróunarviðtala. Starfsfólk lýsti yfir ánægju með þessi viðtöl og þótti gott að geta tjáð sig um það sem því lá á hjarta.

Haldið er áfram með að vinna með læsi og er stefnt á að klára þróunarverkefnið í vetur. Múlaborg tekur þátt í verkefni í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkur. Við fengum styrk vegna þessa og var ákveðið að vinna með læsi og gera myndband út frá ljóðinu "Hringferð ársins" en þessi vinna tafðist vegna Covid-19 aðgerðum hjá okkur. Kennsluaðferðin Leikur að læra er og verður nýtt til áframhaldandi vinnu með læsi. Áfram verður lögð áhersla á að vinna með læsi og stefnt á að klára myndbandið út frá ljóðinu í vetur.

Við fengum aftur styrk vegna innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur. Að þessu sinni verður lögð áhersla á sjálfseflingu barna. Fengin verður fyrirlesari um sjálfseflingu fyrir starfsfólk og er markmiðið að börnin eigi auðveldara með að tjá sig og efli sjálfstraust sitt. Yfirskrift verkefnisins er: „Ég er eins og ég er“

Markmið stjórnenda var að virkja foreldra og deildarstjóra til að nýta sér Völu appið til að senda myndir og aðrar upplýsingar sín á milli. Þetta hefur gengið eftir og er ánægja hjá starfsfólki og foreldrum. Auðveldara er að koma upplýsingum og myndum á milli leikskóla og foreldra.

Starfsfólk stóð sig vel í vetur og var lausnamiðað í sínu faglegu starfi í með börnunum. Frábær og faglegur starfsmannahópur. Við höfum nýtt okkur Teams forritið til samskipta á skipulagsdögum, á fundum og foreldraviðtölum. Þetta er aðferð sem líklega er komin til að vera í ákveðnum tilvikum.

Rebekka Jónsdóttir

Leikskólastjóri Múlaborgar



1 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Læsið	Óformlegum samtölum á deildarstjórafundum og starfsmannafundum	Starfsmenn	Starfsfólk er greinilega meðvitaðra um hvað felst í læsi. Halda umræðunni vakandi og uppfræða reglulega.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfskönnun á vegum Skóla-og frístund	Sendir út spurninglistar með tölvupósti til allra foreldra	Foreldrar	Heildaránægja með leikskólann var yfir meðal skori í RVK. Við vorum vel yfir meðal skori í líðan



			barnsins og öryggi barnsins. Helst má bæta hvað varðar samvinnu við foreldra um mat á framförum barnsins og þátttöku foreldra í starfi leikskólans. Einnig vorum við yfir meðalskori hvað varðar stefnu og stjórnun leikskólans og upplifun af leikskólanum
Viðhorfskönnun	Sendir út spurningalistar til allra starfsmanna með tölvupósti	Stafsmenn	Í heildina kom þessi könnun vel út. Meðalskor allra þátta hefur hækkað frá því 2020. Það sem þarf að huga að er álag og nýliðafræðsla. Starfánægja mældist há og hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi.



Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Bæta upplýsingaflæði til foreldra.	Leikskólastóri og aðstoðarleikskólastjóri. Auki upplýsingaflæði til foreldra.	Senda reglulega tölvupósta til foreldra.	Rebekka og Kristín	Sep t.	Jún.	Samtöl og skráning.	Að foreldrar verði ánægðir og finni sig vel upplýsta.
Uppeldis- og menntastarfi							
Frjáls leikur	Hlutverk kennara í frjálsum leik.	Fræðsla á skipulagsdegi. Gera skráningu um hlutverk kennara.	Stjórnunarteymi leikskólans.	Sep t. 2021	Maí 2022	Starfsmannakönnun í nóv.2021, febr. og maí 2022	Að starfsfólk sé meðvit að um hlutverk sitt í frjálsu leik barnanna.



Mannauðu r/ Leikskólabr agur							
Að heilsa og kveðja	Bæta móttöku barna og kveðjur í lok dags.	Að foreldrar upplifi gott viðmót og traust hjá starfsmönnum.	Stjórnendat eymi Múlaborgar .	Sep t. 202 1 til	Maí 202 2	Metið með spurninga könnun til foreldra.	Að Foreldr ar upplifi traust og gott viðmót frá starfsfó lki.

2 Innra mat Hvolpa deildar

Skólaárið **2020-2021** settum við á Hvolpadeild í umbótaþætti tákn með tali, Lubbi finnur málbein, söngstund og hópastarf.

Með tákn með tali gerðum við þau markmið að nota tákn með tali markvisst, bæði í söngstundum og í daglegum athöfnum. Það var verklegt mat á deildarfundum mánaðarlega þar sem passað var að allir



tækju þátt í að tákna.

Lubbi finnur málbein til að læra íslensku málhljóðin, þá er Lubbastund 1x í viku og farið yfir málhljóð vikunnar, sungið lagið og lesin sagan sem fylgir því málhljóði. Deildarstjóri var með ábyrgð og mánaðarleg skráning á deildarfundum. Í söngstund var verið að innleiða lag vikunnar og kenna börnunum ný lög. Þá var skráning í samverustund hvaða lag var valið lag vikunnar. Það var svo metið á deildarfundum á hálfs mánaða fresti.

Skipulagt hópastarf og skipta börnunum í þrjá hópa og deildarstjóri undirbýr skýrt og skipulagt hópastarf.

Árið gekk vel þrátt fyrir að covid hafi vissulega sett strik í reikninginn. Starfsfólk og börn hafa sýnt miklar framfarir í að nota tákn með tali. Lubbastundirnar gengu vel 1x í viku og héldum svo áfram að syngja Lubba lagið út vikuna. Söngstundin var alltaf á sínum stað og allir áhugasamir fyrir nýjum lögum. Hópastarfið gekk vel og lögðum við áherslu á allskyns skynörvun sem vakti mikla lukku.

Umbótaáætlun:

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
TMT	Nota TMT markvisst	Nota TMT í öllum daglegum athöfnum dagsins.	Deildarstjóri	Sept' 21	Mai '21	Metið mánaðarlega á deildarfundum	Að starfsmenn séu virkir í að tákna með tali í öllum aðstæðum.
Lubbi finnur málbein	Að læra íslensku málhljóðin	Lubbastund á mánudögum til að fara yfir málhljóð vikunnar	Deildarstjóri ásamt ákv. starfsmanni á deildinni.	Sept '21	Mai '22	Mánaðarleg skráning á deildarfundum	Eitt málhljóð tekið á viku



Útinám	Að kynnast náttúrunni og efla sjálfbjargarviðleitni barnanna	Útinám einu sinni í mánuði	Deildarstjóri	Sept '21	Mai '22	Mánaðarleg skráning á deildarfundum	Að börnin þekki nánasta umhverfi skólans og kynnist náttúrunni
Sjálfefling	Að styrkja sjálfsmynd barnanna	Jóg, hrós, Gefðu 10 og fl.	Deildarstjóri	Sept '21	Mai '22	Á deildarfundum	Að börnin hafi gott sjálfstraust og góða sjálfsmynd

TMT:

Það er mikilvægt að allt starfsfólk inn á deild tileinki sér það að tákna í öllum athöfnum dagsins. Passa það að nota tákn ekki einungis í samverustund heldur líka í matartímanum, í fataklefanum, á klósettinu og svo framvegis. Allt starfsfólk þarf að kunna nafnatákn allra barna á deildinni.

Deildarstjóri tekur ábyrgð á því að allir séu að tákna. Metið verður á deildarfundum hvernig gengur og farið yfir tákn barnanna og deildarstjóri fer yfir táknin. Í lok árs 2022 eiga allir starfsmenn að nota tákn og kunna tákn barnanna.

Lubbi:

Markmiðið er að kenna börnunum íslensku málhljóðin. Á mánudögum í morgunsamveru verður Lubbastund. Þar verður farið yfir hvaða málhljóð vikunnar er og sagan lesin í Lubbi finnur málbein bókinni, farið yfir tákn málhljóðsins og sungið lagið sem fylgir málhljóði vikunnar. Deildarstjóri ber yfirábyrgð en einn starfsmaður á deildinni sér um Lubbastundirnar og undirbýr þær með undirbúning.



Við byrjum fyrsta máhljóðið í byrjun september eftir að aðlögun lýkur. Skráning verður gerð mánaðarlega á deildarfundum og metið hvernig gekk og hvort megi gera betur.

Útinám:

Markmiðið er að börnin fái að kynnast umhverfi sínu, vera í náttúrunni og efla sjálfbjörg barnanna. Börnin treysti sjálfum sér í að labba í kringum hverfið og fái að njóta umhverfisins. Þá er farið 1x í viku út að labba, hvort sem það er á annan leikvöll eða smá göngutúr í kringum leikskólann. Svo er farið yfir útinámið í samverustund þar sem rætt verður hvað var gert og talað um ferðina. Deildarstjóri sér um að skipuleggja útinámið og ber ábyrgðina. Farið verður yfir ferðirnar á deildarfundum og þar hugmyndum varpað um næsta útinám.

Sjálfsfelling:

Markmiðið er að efla sjálfsmynd barnanna. Þar sem börnin fá að njóta að vera nákvæmlega eins og þau eru. Lærum lagið með Páli Óskari „ég er eins og ég er“ og tileinki sér boðskap þess. Talað verður um tilfinningar og að allar tilfinningar eiga rétt á sér, lesum bækur um tilfinningar í samverustundum. Í samverustund eða í hópastarfi verður jóga þar sem börnin upplifa líkamsvitund. Starfsmenn einbeita sér á að hrósa hverju barni og þá hrósa barninu fyrir eiginlega þess. Einnig verður notuð hugmyndafræði Gefðu 10. Deildarstjóri hefur ábyrgð og metið verður á deildarfundum mánaðarlega hvernig gekk og hvað má gera betur.

3 Innra mat Unga deildar

Skólaárið **2020-2021** settum við okkur þessi markmið:

Leikur að læra (LAL) – foreldraverkefni.

Það gekk ekki eftir vegna Covid. Foreldrar máttu ekki koma inn í fataklefa og því ekki hægt.



LAL hópaverkefni – Að hafa 2 hópaverkefni í viku

Eitt verkefnið var á þriðjudögum og gekk það mjög vel. Var á hverum þriðjudegi í stöðvum. 4 hópar og 4 stöðvar. Var mjög gaman. Hitt verkefnið var í litlum hópum í Grænu stofu. Það gekk misjafnlega. Við náðum ekki alltaf að gera það en þegar það var gekk það vel.

Nafnatákn barnanna

Það gekk mjög vel. Við vorum virk að nota nafnatákn barnanna t.d með því að bjóða þeim í matinn hvert og einu. Við fórum líka reglulega yfir nafnatáknin á deildarfundum og voru nafnatáknin sýnileg á veggjum deildarinnar.

Málörvun.

Við vorum með málörvun reglulega á deildinni í vetur. Mætti bæta skráninguna.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
LAL - Forleðra verkefni	2x í viku	Sett í fataklefa og foreldrar hvattir til þátttöku	Deildarstjóri og Þorbjörg	Sept '21	Nóv '21 og mai '22	Skráð vikulega í dagbók hvernig hefur tekist til	Að foreldrar seu öruggir þátttakendur
Gefðu 10	Að auka samtal og samskipt í við börn með annað móðurmál og	Hver starfsmaður gefur barninu 10 mín. yfir daginn	Deildarstjóri	Sept '21	Nóv '21 og mai '22	Metið óformlega á deildarfundum	



	önnur börn er þess þurfa						
Sönglög og tákni með tali	Að tákni með öllum söngvum	Að allir starfsmenn tákni með öllum söngvum	Deildarstjóri og Rúnar	Nóv '21	Mai '22	Metið með skráningu á deildarfundum.	

Leikur að læra foreldra verkefni.

Foreldra verkefni: Leikur að læra verður sett fram í faraklefa á þriðjudags- og fimmtudagsmorgnum. Þetta eru ákveðin verkefni sem börnin á Ungadeild gera með aðstoð foreldra. Verkefnin eru stutt, taka bara um 1-2 mínútur að framkvæma. Við erum að vinna með stærðfræði, líkamann, íslensku og margt annað.

Gefðu 10.

Gefðu 10 er einföld aðferð til þess að auka samtal og samskipti við fjöltyngd börn og önnur börn er þess þurfa. Hver starfmaður gefur 10 mín til að tala við barnið yfir daginn. Getur verið 10 x 1. mínútu eða 5x2 mínútur. Með þessu fá börnin fleiri málörvandi gæðastundir með starfsmönnum.

Sönglög og TMT

Við syngjum mikið á Ungadeild og táknum með. Það er söngstund á hverjum degi. Við förum reglulega yfir hvað söngva og lög við syngjum í söngstundunum og hvað er táknað í hverju lagi.

4 Innra mat Bangsa deildar

Skólaárið **2020-2021** settum við okkur þessi markmið

Vettvangsferðir:

Fjölga vettvangsferðum

Covid hafði áhrif á fjölda vettvangsferða en markmiðið að fara í vettvangsferðir a.m.k. x2 í mánuði gekk eftir. Núna eftir afléttingar hafta í júní 2021 höfum við tekið okkur enn meira á og reynum að fara í vettvangsferðir x1 sinni í viku a.m.k. Vettvangsferðir x2 í viku hafa því gengið eftir og gott um betur núna í sumar. Markmiðið fyrir næsta skólaár er að styrkja vettvangsferðirnar enn í sessi og bóka skólaheimsóknir á bókasafnið sem og að halda áfram að fara á ýmis lista- og menningarsöfn.

Foreldraverkefnið LAL (leikur að læra):

Framkvæma x2 í viku

Foreldraverkefnið LAL (leikur að læra) átti að framkvæma x2 í viku en það gekk ekki eftir vegna Covid. Það féll alveg niður. Verður aftur tekið inn í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Virkja LAL stundir:

Að LAL stundir séu 1-2 í viku.

LAL stundir voru í stundaskrá x1 sinni í viku og var hluti af hópastarfi. Það má því segja að markmiðið hafi gengið upp.

Hópastarf:

Vinna meira með þema

Unnið var með þema í tengslum við Lubba x1 sinni í viku og þá einn stafur eða eitt málhljóð tekið fyrir. Heilt yfir má segja að hópastarf sé x4 sinnum í viku. Þá er börnum skipt upp í hópa í ákveðið viðfangsefni og frjáls leikur hafður með á móti.

Læsi:

Að passa að læsi sé í öllum athöfnum dagsins, bæði í hópastarfi og daglegu amstri

Lesið er fyrir börnin x1 sinni á dag í lesstund. Börnum er skipt í tvo leshópa. Lestur með kennara er einnig í morgunvali þar sem börn geta valið að sitja með kennara og lesa bækur – það er misjafn hvað er í boði í morgunvali en þetta á að vera möguleiki minnst x1 sinni í viku. Einnig er mikilvægt að kennara séu til staðar þegar kemur að því að styðja við athafnir í skrifkrók eða þegar kemur að bóklestri og bjóðast til þess að lesa ef börnin óska eftir því hvenær sem er í daglegu starfi. Það má segja að markmiðið: *Að allir séu meðvitaðir um hvað felst í læsi í daglegu starfi* hafi gengið vel upp.

Umbótaáætlun:

UMBÓTAÞÁTTUR/ TUR/	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lok ið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
-----------------------	------------------------	------------------------	--------	-----------	-----------	----------------------------	----------------------

MATSPÁTTU R							
Frjáls leikur	Setja frjálsan leik í forgrunn	Miðla fræðslu til starfsmanna um mikilvægi leiksins og hvernig er hægt að styðja við hann	Deildsars tjóri	Sep t ,21	Mai '22	Metið óformlegar á deildarfund um með starfsfólki deildarinnar	Að skrá frjálsan leik barna og fara yfir myndbandsupp tókur á deildarfundum
Myndlist og listasaga	Gera myndlistina frjálsari	Listsýninga r á deild, fræðslustundir, sýna myndbönd , gera tilraunir	Deildarstjóri	Sep t '21	Mai '22	Metið óformlega á deildarfund um með starfsfólki	Leyfa myndverkum að standa í tvær vikur
LAL foreldra-kefni	Foreldra-kefni 2x í viku	Finna verkefni til daginn áður	Deildarstjóri	Sep t '21	Mai '22	Metið óformlega í foreldravíðtölum.	Foreldrar séu virkir þáttakendur
Sjálfsfelling	Innleiða sjálfsfellingu markvisst í skólastarfið	Jóga og hugleiðsla, Ná tókum á því að tjá sig fyrir framan hóp.	Deildarstjóri	Sep t '21	Mai '22	Metið óformlega á deildarfund um.	skrá niður markvisst þátttöku barnanna t.d. með myndbandsskráningu, teikningum, víðtölum o.s.frv.



Útinám	Að útinám sé marvisst	Setja upp skipulag fram í tímann	Deildarstjóri	Sep t '21	Mai '22	Óformlega á deildum	Notast sé við fjölbreyttar kennsluaðferðir
--------	-----------------------	----------------------------------	---------------	-----------	---------	---------------------	--

Frjáls leikur.

Setja frjálsan leik í forgrunn með því að skipta upp hópum í útiveru fyrir og eftir hádegi. Helmingur fer út á meðan hinn helmingurinn nýtur sín inni í frjálsum leik og getur treyst á stuðning kennara þegar kemur að félagslegum samskiptum og félagslegri færni þegar kemur að hlutverkaleik. Eins gefur þetta svigrúm til þess að skrá leikinn niður og fylgjast þannig náið með þroska, framförum og líðan barna.

Miðla fræðslu til starfsmanna um mikilvægi leiksins og hvernig er hægt að styðja við hann án þess að taka yfir hann – hvernig er hægt að vera þátttakandi í leik barnanna.

Myndlist og listasaga.

Gera myndlistina frjálsari – að sköpun barna sé í forgrunni og að þau ráði ferðinni. Að sköpun barna sé metin að verðleikum og að þau njóti frelsis til þess að gera tilraunir með efnivið án þess að starfsfólk hamli þeim. Setja upp mini listasýningar inni á deild – hengja upp verk eftir Picasso, Fridu Kahlo og Ólaf Elíasson og hafa fræðslustundir með í hópastarfi. Sýna börnum myndbönd af verkum listamanna og segja frá lífi þeirra og listtjáningu. Prufa þeirra tækni í myndlist – gera tilraunir með ólíka listræna nálgun - ef börnin hafa áhuga. Viðmið um árangur. Að hafa fræðslu um myndlistarmann aðra hverja viku – leyfa myndverkum að standa í 2 vikur. Að hafa myndlist x1 sinni í viku í hópastarfi og enn oftari fyrir þá sem kjósta það (val).

Foreldra verkefni LAL

Hafa foreldra verkefni x2 í viku. Finna til verkefni daginn áður. Að virkja foreldra til samstarfs og gera verkefnið aðlaðandi og skemmtilegt. Poppa upp verkefnið – taka myndir, senda foreldrum o.s.frv. Að foreldra verkefni séu föst x2 í viku og foreldrar taki þátt.

Sjálfsfelling

Nota sjálfsstyrkingarbækur í hópastarfi, læra að þekkja inn á eigin tilfinningar og tjá líðan. Innleiða jóga og hugleiðslu til að efla líkamsvitund. Innleiða hugmyndafræði Gefðu 10. Markmið: Að efla sjálfsmynd barna og trú á eigin getu. Ná tökum á því að tjá sig fyrir framan hóp. Vera með kynningar á fjölskyldumyndum og taka upp myndbönd og senda foreldrum (foreldrasamvinna). Að innleiða jóga/hugleiðslu inn í stundaskrá (x1 sinni í viku) ásamt því að hafa tala um og tjá tilfinningar í smærri hópum, taka myndir, senda foreldrum. Að unnið sé með sjálfsfellingu markvisst x2 í viku auk þess að skrá niður markvisst þátttöku barnanna t.d. með myndbandsskráningu, teikningum, viðtölum o.s.frv.

Útinám

Vera með útinám markvisst x1 sinni í viku.

Verkefnisstjóri setur upp skipulag fram í tímann varðandi hvað er gert í útinámi, hvenær og hvar. E.t.v. hægt að vera með þematengingu, leggja áherslu á læsi og sköpun (grunnþættir menntunar) og/eða LAL.



Markmið: Að nám barna fari fram í fjölbreyttu umhverfi og að börnin kynnist sínu nærumhverfi – hverfinu sínu o.s.frv. Að útinám sé fast x1 sinni í viku í stundaskrá.
Að notast sé við fjölbreyttar kennsluaðferðir og að börnin læri inn á nærumhverfi sitt x1 inni í viku.

5 Innra mat Kisu deildar

UMBÓTAÞÁTTUR R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Tákn með tali TMT	Nota TMT markvisst við matarborð, fataklefa og WC	Að hafa táknin sýnileg og aðgengileg	Eyrún	Sept'21	Mai'22	Metið óformlega á deildarfundum	Að allir starfmenn séu öruggir að nota TMT
LAL - Foreldrasamstarf	Að virkja foreldra að taka þátt	Að verkefni séu fasta daga 2x í viku	Jóhann	Sept'21	Mai'22	Metið óformlega á deildarfundum	Að foreldrar séu öruggir þátttakendur
Sjálfefling	Söngkórar og vettvangsferðir	Halda tónleika fyrir foreldra og eldri borgara	Deildarstjóri	Sept'21	Des'21	Metið óformlega á deildarfundum með því að ræða og rýna til gagns	Að börn og starfmenn efli sjálfstraust og taki virkan þátt.



--	--	--	--	--	--	--	--

6 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennsla fer að öllu jöfnu fram í almennu starfi inni á deild. Ef um einstaklingskennslu er að ræða þá er hún í stuttan tíma í senn og þess gætt að barnið missi ekki af neinu. Einstaklingskennsla fer fljótt út í það að bjóða einu eða fleiri börnum með eftir því hvað við á hverju sinni. Það er vinnuregla í leikskólanum að þegar grunur vaknar um einhver frávik þá er byrjað strax að vinna með barnið. Við erum með PCS myndir og notum þær til stuðnings við allar daglegar athafnir. Við notum TMT samhliða myndunum. Við útbúum orðabækur með táknum til að leggja inn orð og tákn. Sérkennslustjórar sjá um að bjóða á og halda utan um alla teymisfundi. Teymisfundir eru haldnir á 6-8 vikna fresti. Almennt eru fundirnir haldnir á skrifstofu sérkennslustjóra sem sér um að halda utan um fundina. Hver fundur er 45-60 mínútna langur. Flest allir fundir hafa verið haldnir í gegnum Teams vegna Covid. Þeir sem sitja fundinn eru foreldrar, sérkennsluráðgjafi frá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, þroskþjálfari á deild. Sjúkra- og iðjuþjálfar koma á fundina einu sinni til tvisvar á önn og oftast ef þörf þykir. Foreldrum er frjálst að bjóða með sér einhverjum úr fjölskyldunni, stundum koma amma eða afi og einnig stuðningsfjölskylda. Tengill barnsins við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins kemur yfirleitt á fyrsta fund en einnig er hægt að hafa samband við tengilinn ef eitthvað er. Foreldrar hafa aðgang að sérkennslustjórum og geta óskað eftir viðtölum að vild. Reynt er að aðstoða foreldra heima með því að lána kennslugögn og/eða aðstoða þau við gerð slíkra gagna.
Hvaða matsgögn voru notuð?	Einstaklingsnámskrár eru unnar upp úr AEPS færnimatinu. Þroskþjálfari deildarinnar í

Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	samvinnu við sérkennslustjóra og foreldra fylla út lista og eru markmiðin valin út frá niðurstöðum athuganna og eru endurskoðuð á sex vikna fresti. Færnimatið er lagt fyrir minnst tvisvar sinnum á ári en það fer eftir framförum hvers og eins. Eins er Íslenski þroskalistinn lagður fyrir auk Smábarnalistans. TRAS skráningar á málþroska barna eru einnig notaðar. HLJÓM-2 er lagt fyrir elstu börnin
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Á þessu skólaári höfum við útbúið sér stofu fyrir sjónörvun. Stofan er klædd svörtu efni, með sér sniðið dökkt gólfefni og leikföng sem lýsa í myrkri. Sjónráðgjafi hefur verið að vísa öðrum leikskólum til okkar varðandi ráðgjöf með sjónörvun. Fleiri námsgögn hafa verið útbúin með sjónskert börn í huga. Uppistaða sérkennslu á Múlaborg eru PCS myndir sem hafa þurft á endurnýjun að halda, töluverð vinna og útgjöld hafa verið lögð í þá vinnu.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTT UR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Teymisfundir	Hafa fleiri rafnæna fundi í boði	Gera könnun hjá foreldrum og öðrum þátttakendum um fyrirkomulag teymisfunda og hafa þann möguleika	Kalina	Sept '21	Des '21	Gera aðra könnun í des. um viðhorf foreldra	

		áfram að geta mætt á rafræna fundi á næsta skólaári					
Upplýsingafl æði milli teymismeðli ma	Efla upplýsingafl æði til allra í teymi hvers barns svo það stöðugt og öruggt.	Útbúa hópa í teymi hvers barns í Outlook	Brynhildur	Sept '21	Mai '21	Gera viðhorfskönnun innan hvers hóps.	
Sérkennslugögn	Fá yfirsýn yfir þau gögn sem til eru	Yfirfara, skrá endurbæta og uppfæra þau gögn sem til eru. Gera þau aðgengilegri	Bynhildur og Kalina	Sept ,21	Mai '21	Metið óformlega á stjórnendafundum.	
Fagfundir	Halda fagfund 1 x í mánuði með sem hafa umsjón með sérkennslu á hverri deild	Koma fagupplýsingum til skila, halda við og bæta í fagkunnáttu	Brynhildur og Kalina	Sept '21	Mai '21	Metið óformlega á fagfundum í des og í mai.	

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021



Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Að hluta til eru fjármagnið nýtt í launakosnað fyrir starfsmann sem hefur yfirumsjón með þessum málafllokki. Við notum einnig mikið tulkapjónustu bæði í foreldraviðtöl og skilaboð sem þurfa að komast til skila til forleðra.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er markvisst með orðaforða á öllum deildum. Lesið er í litlum hópum og sögurnar ræddar og ákveðin orð tekin fyrir og útskýrð. Höfum unnið markvisst með Gefðu 10 með fjöltyngdum börnum. Höfum rætt á deildarfundum hvaða börn við erum að vinna með Gefðu 10..
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Við erum markvisst að dýpka orðaforða barnanna. Sem dæmi má nefna Veðurfræðinginn, þar eru alls konar orð notuð yfir hin ýmsu veðurbrigði. Einnig eru orð tekin úr bókum og markvisst unnið með þau. Orð vikunnar í gegnum Lubba, eitt orð fyrir yngri hópa og svo bætist annað orð við fyrir eldri hópana. Samverustundir eru mikið notaðar til að ræða saman um ákveðin orð og orðasambönd. Við höfum líka ákveðin orðaspjöld sem unnið er með.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	TRAS málþroskaprófið er notað til að fylgjast með framförum allra barna á leikskólanum og þar með talið tvítyngdra barna. Það er gert tvisvar á ári á sex mánaðar fresti. Einnig eru gerðar einstaklingsáætlun fyrir hvert barn. Það er gert að hausti og fylgt eftir yfir veturinn og metið að vori. Farið er yfir framfarir barnanna á deildarfundum. Notaðar eru orðabækur (með myndum og tmt) og líka málörvunarbækur þar sem börnin velja myndir og líma í bækurnar sínar. Svo er rætt um myndirnar þarna er líka hægt að fylgjast með framförum barnsins. Samskiptabækur eru notaðar fyrir mörg erlend börn. Við útbúum einnig sér orðabækur og dagskipulagsmöppur fyrir börn með annað tungumál en íslensku. Mikil notkun á PCS myndum er í vinnu með börnum af erlendum uppruna.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Börnin æfa tjáningu og frásögn með því að vera veðurfræðingar, dagskipulagstjórar og söngstjórar. Þá standa þau fyrir framan barnahópinum og segja frá. Við nýtum hvert tækifæri til að fá börnin til að standa fyrir framan hópinn og segja frá einhverju eða kynna. Einnig er ein deild byrjuð á nýju verkefni þar sem barn kemur með myndir að heiman og kynnir fjölskylduna sína. Hinar deildirnar byrja í haust. Börnin æfa hlustun bæði í hvíldinni, þar sem þau hlusta á sögur, og í samverustundum. Skriftarkrókur er á hverri deild. Börnin æfa sig að skrifa stafi, leira stafi, kubba stafakubbum og klippa út stafina. Einnig eru plaköt með bókstöfum inn á deildum. Unnið er með hljóðkerfisvitund en á mismunandi hátt eftir aldri barna. Þau eru að ríma, læra hljóðin með Lubbi finnur málbein og Leikum og lærum með hljóðin, klöppum atkvæði og ýmislegt fleira.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Gefðu 10	Sé notað markvist með tvítyngdum börnum í öllu starfi	Kynna betur Gefðu 10. Hver starfsmaður hafi teyjur Markviss skráning fyrir hvern starfsmann.	Kalina og deildarstjórarnir	Sept.	Mai	Metið óformlega á deildastjórafundum.	
Skráning	Markvissari skráningar	Skráningarblöð fyrir hvert barn.	Kalina	Sep	mai	Metið á fagfundum.	
Dagbókafærslur í tölvu.	Að öll samskipti vegna fjöltyngdra barna á einum stað	Eyðublað vegna hvers barns í skýinu	Kalina	Sep	Mai	Metið á fagfundum 1 sinni á önn.	

6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla

Snerpu samtöl voru tekin einu sinni við hvern starfsmann eftir áramót. Þau gengu vel og var starfsfólk ánægð með þau.

Einn starfsmaður heldur áfram í Leikskólakennaranámi og annar klárar Master í

leikskólakennarafræðum í vor. Einn deildarstjóri lauk Master í leikskólakennarafræðum.

Aðstoðarleikskólastjóri lauk Forystunámi og einn starfsmaður kláraði námskeið í íslensku. Einn deildarstjóri ætlar að klára BA í Uppeldisfræðum og einn starfsmaður að hefja nám á Leikskólalabru.

Við tókum þátt í Menntastefnumóti Reykjavíkur og sátu starfsmenn nokkra fyrirlestra og var umræða um þá innanhús. Stefnan er að nýta aðgang að fyrirlestrum í haust fyrir skipulagsdaga og á starfsmannafundum. Einnig ætlum við að hvetja starfsmenn að nýta undirbúning að sækja þennan viðburð í tækniheiminum á meðan hægt er.



Á skipulagsdegi 21. apríl sl. var boðið uppá skyndihjálparnámskeið. Þann dag vorum við meðal annars með fyrirlestur um TMT og mikilvægi þess að allir tileinki sér notkun TMT í okkar starfi. Á skipulagsdögum höfum við einnig verið með fræðslu um frjálsa leikinn og hlutverk starfsfólks í frjálsum leik barnanna.

Deildarstjóri fór á námskeið í skráningu á málproska ungra barn „TRAS „ en við notum TRAS til að fylgjast náið með málproska barnanna.

Starfsmaður fór á íslenskunámskeið framhald.

Aðstoðarleikskólastjóri kláraði Forystunám í vor.

Skólaárið 2021 til 2022

- Áætlað er að fara í námsferð erlendis í liðsheildar og fræðsluferð í apríl 2022.
- Fyrirlestur um sjálfseflingu fyrir starfsfólk Múlaborgar á skipulagsdegi þann 10.september 2021 .
- Fræðsla og umræður um opin efnivið fyrir börnin.
- Við stefnum á Leikskólaráðstefnu SFS þann 7. febrúar 2022.
- Við höldum áfram að efla okkur í Leikur að læra aðferðinni og verða starfsmenn sendir á námskeið og ráðstefnu ef boðið verður uppá það.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Við höfum verið í góðu samstarfi við Álftramýraskóla hingað til. Samstarfið var minna síðastliðinn vetur vegna Covid en farið var í skólann þegar ástand leyfði. Stefnan er að halda áfram að fara einu sinni til tvisvar í mánuði í skólann og 1.bekkur kemur á Múlaborg einu sinni á önn. Skólahópur fer og kynnist hvernig íþróttatími er, hvernig valtimi fer fram, mæta í frímínútur, borða hádegismat, fara á Aðventu hátíð í grunnskólanum svo eitthvað sé nefnt.

Frístundarheimilið ÁlfTABær er heimsótt en stefnan er að vera enn meira í samstarfi við þau.

8 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna hefur eingöngu farið fram rafrænt í vetur en hlökkum til að hitta foreldra aftur í raunheimi. Foreldravitöl fóru fram í gegnum Teams eða með símaviðtali. Enginn aðalfundur var haldinn til að kjósa nýja stjórn en verður gert í haust. Í vetur komum við til með að bjóða foreldrum



val um fjarfund eða koma hingað í foreldraviðtal. Foreldrar hafa séð um sveitaferð en sumarhátíð og jólaball er í samvinnu við stjórnendur og verður svo áfram. Foreldrar hafa einnig keypt inn eitt leikrit aðra önnina í samráði við stjórnendur en leikskólinn hina önnina.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru 6 yfir skólaárið og eru 3 þeirra samræmdir við Álftamýraskóla. Þeir sem eru samræmdir eru: 4. október, 3. janúar og 22. apríl. Hinir 3 eru: 10. september, 7. febrúar (ráðstefna hjá Skóla- og frístundasviði)

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans
Dagsetning 5. júlí 2021

Rebekka Jónsdóttir Leikskólastjóri
Kristín Árnadóttir Aðstoðarleikskólastjóri



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 **Múlaborg**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Elínborg Hulda Gunnarsdóttir

Davíð Þór Guðlaugsson

Kristín Gróa Þorvaldsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun Múlaborgar lýsir vel metnaðarfulla starfinu sem unnið er á leikskólanum. Það er sérstaklega ánægjulegt að leggja eigi áherslu á að auka upplýsingaflæði til foreldra og að vanda móttöku og kveðju barna. Hvorutveggja stuðlar að trausti foreldra til leikskólans.

Varðandi móttöku nýrra barna á leikskóla þá væri mikil bót ef heimasíða leikskólans eða annar vettvangur fyrir rafrænar upplýsingar væru aðgengilegar með nýjustu upplýsingum um leikskólann og starfið sem þar fer fram.

Áherslan á sjálfseflingu barna er eftirtektarverð og ánægjulegt að veittur styrkur vegna innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur verði nýttur í það verkefni. Það hefði verið gaman að sjá þá áherslu skila sér beint í umbótaverkefni á öllum deildum.

Áherslur í sérkennslu og kennslu fjöltyngdra barna eru í takti við stefnu leikskólans um að koma til móts við öll börn þar sem þau eru stödd. Ánægjulegt er að sjá áhersluna á að sérkennslan fari fram í almennum starfi inni á deild með þátttöku barnanna á deildinni.

Engar athugasemdir eru gerðar við skóladagatal leikskólans.





Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla: **Múlaborg**

Leikskólinn lokar 7. júlí og opnar 5.ágúst

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ						
1	S		1	M		1	F		1	M	Fullveldisdagurinn	1	L	Nýársdagur	1	Þ		1	F		1	S	Verkalyðsdagurinn	1	M	
2	M	Frídagur verslunarmanna	2	F		2	L		2	F		2	S		2	M		2	L		2	M		2	F	
3	Þ		3	F		3	S		3	F		3	M	Skipulagsdagur samræmdur	3	F		3	S		3	Þ		3	F	
4	M		4	L		4	M	Skipulagsdagur samræmdur	4	F		4	Þ		4	F	Fjólublár dagur	4	F		4	M	Foreldraviðtöl	4	M	
5	F		5	S		5	Þ	Foreldraviðtöl	5	F		5	S		5	M		5	L		5	L		5	Þ	Hvítasunnudagur
6	F		6	M		6	M	Foreldraviðtöl	6	L		6	M	Jólaverkstæði	6	F	Þrettándinn	6	S	Dagur leikskólans	6	S		6	M	Foreldraviðtöl/ Barnamenning
7	L		7	Þ		7	F	Foreldraviðtöl	7	S		7	Þ	Jólaverkstæði	7	F	Hvítur dagur	7	M	Skipulagsdagur/ Leikskólaráðstefna	7	M		7	F	Foreldraviðtöl/ Barnamenning
8	S		8	M	Dagur læsis	8	F	Foreldraviðtöl	8	M	Baráttudagur gegn einelti	8	M	Jólaverkstæði	8	L		8	Þ		8	Þ		8	F	Blár dagur/ Barnamenning
9	M		9	F		9	L		9	Þ		9	F	Jólaverkstæði	9	S		9	M		9	M		9	L	Barnamenning
10	Þ		10	F	Skipulagsdagur	10	S		10	M		10	F	Rauður dagur	10	M		10	F		10	F		10	S	Pálmasunnudagur/ Barnamenning
11	M		11	L		11	M		11	F		11	L		11	Þ		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F		11	M	
12	F		12	S		12	Þ		12	F	Öfugur dagur	12	S		12	M		12	L		12	L		12	Þ	
13	F	Leikskólinn opnar	13	M		13	M		13	L		13	M	Kaffihúsavika	13	F		13	S		13	S		13	M	Grænn dagur
14	L		14	Þ	Kynningafundur - foreldrar	14	F		14	S		14	Þ	Kaffihúsavika	14	F		14	M	Bolludagur	14	M	Dagur stærðfræðinnar	14	F	Skírdagur
15	S		15	M		15	F	Bleikur dagur	15	M		15	M	Kaffihúsavika	15	L		15	Þ	Sprengidagur	15	Þ		15	F	Föstudagurinn langi
16	M		16	F	Dagur íslenskrar náttúru	16	L		16	Þ	Dagur íslenskrar tungu	16	F	Kaffihúsavika	16	S		16	M	Öskudagur	16	M		16	L	
17	Þ		17	F	Appelsínugulur dagur	17	S		17	M		17	F	Jólaball ???	17	M		17	F		17	F		17	S	Páskadagur
18	M		18	L		18	M		18	F		18	L		18	Þ		18	F	Konudagskaffi	18	F	Brúnn dagur	18	M	Annar í páskum
19	F		19	S		19	Þ		19	F		19	S		19	M		19	L		19	L		19	Þ	
20	F		20	M		20	M		20	L	Dagur mannréttinda barna	20	M		20	F		20	S	Konudagur	20	S		20	M	Skipulagsdagur
21	L		21	Þ		21	F		21	S		21	Þ		21	F	Bóndadagur	21	M		21	M		21	F	Sumardagurinn fyrsti
22	S		22	M	Kynningafundur - foreldrar	22	F		22	M	Jólamatur barna	22	L		22	Þ		22	Þ		22	Þ		22	F	Skipulagsdagur samræmdur
23	M		23	F		23	L	Fyrsti vetrardagur	23	Þ		23	F	Þorláksmessa	23	S		23	M		23	M		23	L	
24	Þ		24	F		24	S		24	M		24	F	Aðfangadagur jóla	24	M		24	F		24	F		24	S	
25	M		25	L		25	M		25	F		25	L	Jóladagur	25	Þ		25	F		25	F		25	M	
26	F		26	S	Evrópski tungumáladagurinn	26	Þ		26	F	Glimmer dagur	26	S	Annar í jólum	26	M		26	L		26	L		26	Þ	
27	F	Regnboga - dagur	27	M		27	M	Bangsa-náttfataball Bangsadagurinn	27	L		27	M		27	F		27	S		27	S		27	M	
28	L		28	Þ		28	F		28	S		28	Þ		28	F		28	M		28	M		28	F	
29	S		29	M		29	F		29	M		29	M		29	L					29	Þ		29	F	
30	M		30	F		30	L		30	Þ		30	F		30	S					30	M		30	L	
31	Þ				31	S			31	F	Gamlársdagur	31	M								31	F				

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.